

Nefndarsvið Alþingis  
Velferðarnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. nóvember 2023

**Efni: Umsögn SGS um frumvarp til laga um félagafrelsi á vinnumarkaði, 313. mál**

Mál þetta er nú endurflutt frá síðasta þingi og veitti Starfsgreinasamband Íslands þá umsögn sem hér fer á eftir, efnislega óbreytt.

Starfsgreinasamband Íslands leggst alfarið gegn frumvarpinu. Félagafrelsi ríkir nú þegar á íslenskum vinnumarkaði og launafólk er ekki skyldað til aðildar að stéttarfélagi. Hins vegar gilda ákvæði um greiðsluskyldu án félagsaðildar og er kveðið á um hana í lögum nr. 55/1980 og 94/1986. Hvergi í lögum eru ákvæði um aðildarskyldu að stéttarfélagi og í lögum um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938 er beinlínis gert ráð fyrir að þátttakendur á vinnumarkaði geti staðið utan stéttarféлага.

Í greiðsluskyldunni, hvort sem hún nefnist félagsgjald, þjónustugjald eða vinnuréttargjald, felst ekki frelsisskerðing og tilgangur hennar er augljós öllum þeim sem það vilja sjá. Allt launafólk nýtur góðs af þeirri þjónustu sem greiðsluskyldan veitir, t.d. gerð kjarasamninga sem gera það óheimilt að greiða lægri laun en þeir kveða á um, auk ýmissa annarra kjarasamningsbundinna réttinda.

Reynsla aðildarfélaga Starfsgreinasambandsins hefur sýnt svo ekki er um villst að þegar kemur að ágreiningi milli starfsfólks og atvinnurekenda getur ríkt ákveðið valdaójafnvægi. Þrátt fyrir að flestir spili eftir þeim leikreglum sem gilda á vinnumarkaði, koma alltof oft inn á borð aðildarfélaga SGS mál er varða brot á kjarasamningum og félagsleg undirboð, laun eru undir lágmarkskjörum og aðstæður óviðunandi. Í þeim tilfellum hefur iðulega komið upp sú staða að iðgjöldum hefur ekki verið skilað, hvorki til stéttarfélaganna né í lífeyrissjóð, oft af fólki sem á ekkert bakland hérlendis og getur hvergi leitað annað en til stéttarfélagsins á sínu svæði. Aðildarfélög Starfsgreinasambands Ísland hafa þrátt fyrir það veitt sitt liðsinni og unnið ötullega að því að rétta stöðu hlutaðeigandi. Þessi verkefni eru kostnaðarsöm en unnin fúslega, með hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi.

Frumvarpið er ósvífin aðför að stéttarfélagunum, tilraun til að grafa undan tilveru og vægi þeirra, möguleikum til sjálfstæðis og getu til að sinna sínu lögbundna hlutverki. Enda er það augljóslega markmið þessa frumvarps. Ef ekki væri fyrir krafta stéttarféлага landsins væru aðstæður á íslenskum vinnumarkaði aðrar og ekki af þeim toga sem aðrar þjóðir öfunda okkur af.

Að öðru leyti er vísað í umsögn Alþýðusambands Íslands.

F.h. Starfsgreinasambands Íslands,

  
Björg Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri